



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Alþingi
Erindi nr. P 131/810
komudagur 21.2.2005

Reykjavík 18. febrúar 2005

Tilvísun: 2005020128

091.1

Samgöngunefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Efni: Skráning og rannsókn umferðarslysa - fyrirspurn

Jafnframt því að vísa til fyrirspurnar í bréfi samgöngunefndar Alþingis í sex liðum til embættis ríkislögreglustjóra, dagsett 9. febrúar sl., í tilefni af meðferð nefndarinnar á frumvarpi til laga um rannsóknarnefnd umferðarslysa, sbr. þingmál nr. 236, er eftirfarandi tekið fram sem svar af hálfu lögreglunnar og í þeirri röð sem spurt er í bréfi nefndarinnar:

1. *Annast viðtakandi þessa bréfs skráningu og/eða rannsókn umferðarslysa?*

Svar: Enda þótt embætti ríkislögreglustjóra annist ekki skráningu eða hafi með höndum rannsókn umferðarslysa fer ríkislögreglustjóri með málefni lögreglunnar í umboði dómsmálaráðherra, sbr. 4. gr. lögreglulaga nr. 90, 1996. Í 1. mgr. i. liðar 5. gr. sömu laga er kveðið á um að ríkislögreglustjóri haldi málaskrá um kærur sem berast lögreglu um afbrot með öllum upplýsingum sem mál varða, dagbók lögreglu með nauðsynlegum upplýsingum um erindi til lögreglu og úrlausn þeirra, skrá yfir handtekna menn og aðrar skrár sem nauðsynlegar eru í þágu löggæsluhagsmuna til að afstýra yfirvofandi hættu eða sporna við afbrotum. Skrár, eins og lýst er í fyrrnefndu ákvæði lögreglulaga, heldur ríkislögreglustjóri fyrir lögregluembættin 26 að tölu og hann ákveður hvaða upplýsingar skráðar eru af hálfu lögreglunnar, einkum í málaskrá.

2. *Hvað er skráð?*

Svar: Á meðal upplýsinga sem skráðar eru í málaskrá má nefna dagsetningu tilkynningar og tími, heiti máls með vísan til brotaflokka, vettvang atburðar, nöfn þeirra sem koma við sögu, kennitala þeirra, heimilisfang og símanúmer, vinnustaður og símanúmer, auk atriða er lúta að ökutæki o.fl. Aðrar upplýsingar sem færðar eru í málaskrá varða málið sjálft eða meðferð þess og feril; hverjir hafa með mál að gera á rannsóknarstigi, hvenær rannsókn lauk og hver voru afdrif máls. Þegar tilteknar grunnupplýsingar hafa verið skráðar fær málið málsnúmer.

3. *Hvaða þættir eru rannsakaðir?*

Svar: Mál út af umferðarslysum sæta rannsókn að hætti laga um meðferð opinberra mála, nr. 19, 1991, og er rannsókn í höndum lögreglu og ákærvalds. Til rannsókna eru þá ætluð brot á umferðarlögum, nr. 50, 1987, og reglugerðum settum samkvæmt þeim, og eftir atvikum á almennum hegningarlögum, nr. 19, 1940. Markmið lögreglurannsóknar er að afla allra

nauðsynlegra gagna til þess að ákæranda sé fært að ákveða að henni lokinni hvort sækja skuli mann til sakar, svo og að afla gagna til undirbúnings málsmeðferðar, sbr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála. Í 68. gr. laganna er kveðið á um að rannsaka skuli og afla allra tiltækra gagna um verknað þann sem um er að ræða (umferðarslysið), svo sem stað og stund og öll nánari atvik, sem ætla má að skipt geti máli, leita þess sem grunaður er um brot, finna sjónarvotta og aðra sem ætla má að borið geti vitni, svo og að hafa upp á sýnilegum sönnunargögnum og munum sem hald skal leggja á, sbr. X. kafla laganna, þegar rétt þykir að leggja hald á ökutæki sem rannsókn getur beinst að. Samkvæmt þessu miðar rannsókn að því að upplýsa málavexti alla og ætluð brot; hverjir eigi hlut að máli og um aðdraganda, afleiðingar; svo sem slys á fólki og tjón á munum, aðstæður á vettvangi; veður, færð, umferð og yfirborð vegar, ástand og búnað ökutækja fyrir og eftir umferðarslys, ástand ökumanns fyrir umferðarslys og eftir atvikum farþega eða annarra sem slasast eða farast, og önnur atriði sem upp kunna að koma og þykja hafa þýðingu fyrir rannsókn málsins. Við rannsókn umferðarslysa er sérstaklega hugað að því hvort ökumenn, farþegar eða gangandi vegfarendur, sem slasast eða farast, hafi verið undir áhrifum áfengis, fíkniefna eða lyfja þegar slysið varð.

4. Hvaða gögnum er safnað um hvert slys sem skráð er eða rannsakað?

Svar: Skýrslur sem lögreglan skráir og skýrslur annarra sem lögreglan tekur niður, svo sem af grunuðum og vitnum, ásamt öðrum gögnum sem hún aflar, er safnað og þau eru varðveitt í einu lagi undir málnúmeri. Gögn sem aflað er frá öðrum geta varðað skráningu ökutækis og feril þess, sem er þá eins konar eigendasaga, hvar ökutæki er tryggt og hvernig tryggingum er háttað, ástand ökutækis við árlega skoðun, gögn um breytingar á ökutæki, upplýsingar um ökuréttindi og feril ökumanns, læknisvottorð um áverka þeirra sem slasast og krufningarskýrslur um þá sem farast. Hér eru atriði ekki tæmandi talin og eftir atvikum getur gagnasöfnun í þágu rannsóknar máls náð víðar.

5. Er aflað upplýsinga sem geta talist persónulegar og ef svo er hvernig er meðferð þeirra háttað?

Svar: Eins og fram er komið er í þágu rannsóknar máls aflað upplýsinga sérstaklega um þá sem slasast og farast í umferðarslysum og eru ökumenn, farþegar eða gangandi vegfarendur. Að rannsókn lokinni fær ákærandi, sem fer með málshöfðunarheimild, öll gögn í hendur til þess að hann geti tekið ákvörðun um hvort höfða skuli opinbert mál á hendur sökuðum manni fyrir ætluð brot, eða ljúka megi máli með öðrum hætti. Tryggingafélög fá aðgang að gögnum til að styðjast við þegar kemur að uppgjöri. Þótt ekki verði höfðað opinbert mál má gera ráð fyrir því að dómstóll muni á einhverju stigi í einkamáli fjalla um ágreining sem upp er kominn. Þeir sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta geta því átt aðgang að gögnum máls í heild sinni eða að hluta. Að síðustu þá heldur lögreglan í hlutaðeigandi umdæmi eftir eintaki í skjalasafni og hún veitir ekki öðrum aðgang að gögnum málsins.


6. Á grundvelli hvaða laga eða reglna fer skráning og/eða rannsókn fram?

Svar: Út af samhengi í svari við spurningu þrjú hér að framan má segja að seinni hluta þessarar spurningarinnar hafi verið svarað þar og á þá leið að mál út af umferðarslysum sæti rannsókn að hætti opinberra mála. Er einkum vísað til ákvæða í IX. kafla laganna um rannsókn, VIII. kafla um sönnun og sönnunargögn, X. kafla um hald á munum og XII. kafla laganna um handtöku. Um skráningu mála í málaskrá lögreglu er vísað til 2. mgr. i. liðar 5.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

gr. lögreglulaga, eins og nánar er rakið í svari við fyrstu spurningu, og einnig til reglugerðar um meðferð persónuupplýsinga hjá lögreglu, nr. 322, 9. apríl 2001, og reglugerðar um breytingu á þeirri reglugerð, nr. 926, 19. nóvember 2004. Hinn 29. janúar 2002 gaf ríkislögreglustjóri út reglur um málaskrá lögreglu sem kynntar voru Persónuvernd, meðal annars með bréfi dagsettu sama dag. Með tilkynningu embættisins um gildistöku þessara reglna í umburðarbréfi til allra lögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins 29. janúar 2002, fylgdu reglur um aðgang að landskerfum lögreglunnar og almennt um notkun þeirra, dagsett 29. janúar 2002, og yfirlýsing starfsmanna lögreglu um þagnarskyldu til undirskriftar af hálfu hvers og eins - að þeir hafi kynnt sér þessar reglur o.fl.

F.h. RLS



Þórir Oddsson / Gísli Pálsson